

Fundargerð 31. fundar skráningarráðs Gegnis fimmtudaginn 30. ágúst 2007

haldinn hjá Landskerfi bókasafna, Borgartúni 37, kl. 14-16.

Fundarmenn: Guðný Ragnarsdóttir, Hulda Ásgrímsdóttir, Þóra Sigurbjörnsdóttir (formaður) og Þórdís T. Þórarinsdóttir (fundarritari). Fanney Sigurgeirsdóttir er horfin til náms í Bretlandi.

Auk þess sátu fundinn þær Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri Gegnis, Ragna Steinarsdóttir ritstjóri efnisorða og Sigrún Hauksdóttir forstöðumaður kerfisþjónustu Landskerfis bókasafna.

1. Fundargerð síðasta fundar

Farið var yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt. Fram kom að liðir 3 (kóðun tónlistarefnis) og 4 (breytt URL) eru í vinnslu.

Athugasemd um liði 2-5 hér að neðan

Í liðum 2–5 voru lögð fram skjöl sem þær Árný Þórólfsdóttir, Fanney Sigurgeirsdóttir, Hulda Ásgrímsdóttir, Jakobína Ólafsdóttir, Kolbrún Andrésdóttir, Marta Ricart, Sóley Hjartardóttir, Sigrún Guðnadóttir og Þóra Hólm höfðu unnið. Fanney og Hulda leiddu starfið. Skráningarráð færir vinnuhópnum bestu þakkar fyrir vel unnin störf. Ragna Steinarsdóttir tók að sér að lagfæra þær smávægilegu breytingar sem ráðið gerði á skjölunum, laga titlana, setja neðanmáls hvenær þau voru samþykkt í skráningarráði og setja inn blaðsíðutöl. Skjölin verða síðan birt á síðu skráningarráðs á vef Landskerfis bókasafna (sjá www.landskerfi.is/skranrad.php) og færð inn í *Handbók skrásetjara Gegnis* (sjá <http://hask.bok.hi.is>).

2. Skráning tungumálanámskeiða

Lagt var fram skjalið *Tungumálanámskeið*, farið yfir það, smávægilegar athugasemdir gerðar og skjalið síðan samþykkt.

3. Skráning tölvugagna

Lagt var fram skjalið *CF Format fyrir tölvugögn*, farið yfir það, smávægilegar athugasemdir gerðar og skjalið síðan samþykkt.

4. Skráning hljóðbóka

Lagt var fram skjalið *Hljóðbækur*, farið yfir það, smávægilegar athugasemdir gerðar og skjalið síðan samþykkt.

5. Skráning samsettra gagna

Lagt var fram skjalið *MX Format fyrir samsett gögn*, farið yfir það og það samþykkt án athugasemda.

Rætt að villandi getur verið að gefa hlutum eins og til dæmis þroskaleikföngum efnisorð svo sem *hreyfiþroski* og *hreyfiþjálfun* þar sem þroskaleikföng koma þá fram í leit þegar leitað er að efni um hreyfiþroska og þroskaþjálfun. Ragna lagði fram dæmi um skráningu í Gegni málinu til stuðnings. Rætt um hvernig best megi endurspegla notagildi þroskaleikfanga án þess að gefa þeim efnisorð. Talið heppilegra að setja athuga-

send um notagildi slíkra leikfanga í 500-sviðið sem er leitarbært. Ragna tók að sér að svara erindi sem borist hefur um slíka skráningu.

Rætt var um möguleika á afmörkunum og þrengingu leita, til dæmis í sambandi við barnaefni.

6. Erindisbréf ábyrgðarmanna skráningar

Lagt fram skjalið *Erindisbréf ábyrgðarmanna skrásetjarahópa*, drög dags. 8. ágúst síðastliðinn sem Hildur Gunnlaugsdóttir hafði gert. Titli skjalsins var breytt í *Erindisbréf ábyrgðarmanna skráningarhópa* og skjalinu í samræmi við það. Erindisbréfið var síðan samþykkt. Það verður sent ábyrgðarmönnum skráningarhópa, kynnt á fundi með þeim sem haldinn verður 19. október næstkomandi. Skjalið verður birt á síðu skráningarráðs á vef Landskerfis bókasafna (sjá www.landskerfi.is/skranrad.php). Hildur Gunnlaugsdóttir sér um að koma erindisbréfinu á framfæri.

Rætt um fyrirkomulag verkferla og nánar um hvaða verkefni ábyrgðarmenn skráningar fá í framtíðinni. Farið verður yfir það á fundinum 19. október. Einnig rætt að ábyrgðarmenn skráningar þurfi að geta dregið út færslur sinna skjólstæðinga til að þeir geti skoðað þær og sinnt gæðastjórnun.

7. Tölfræði

Fram kom hjá Sigrúnu Hauksdóttur að tölfræði Gegnis fyrir 2006 er ekki alveg tilbúin en nú virðast réttar niðurstöður vera að nást út úr kerfinu.

Rætt eftir hvaða þáttum ætti að greina tölfræðilegar upplýsingar, svo sem formi.

Fram kom að færslur eru inni í kerfinu sem engin eintök eru tengd við. Eyða þarf slíkum færslum út úr kerfinu. Bent á að slíkt efni eigi ekki að koma fram í tölfræðinni.

8. Önnur mál

a. Skipulagsbreytingar skráningarráðs

Fram kom að fundurinn var síðasti fundur skráningarráðs í núverandi mynd en fyrsti fundur þess var haldinn 23. ágúst 2003 (sjá lið 2 í fundargerð síðasta fundar skráningarráðs). Í samræmi við skipulagsbreytingarnar hætta þær Guðný Ragnarsdóttir og Þórdís T. Þórarinsdóttir nú í skráningarráði en þær hafa setið í ráðinu frá stofnun þess. Þær þökkðu ráðinu fyrir gott og ánægjulegt samtarf í gegnum tíðina og formaður skráningarráðs þakkaði þeim störf í þágu ráðsins. Formaður boðar nýtt skráningarráð til fundar.

b. Samráðsfundur skráningaráðs og efnisorðaráðs

Ákveðið að skráningarráð og efnisorðaráð haldi árlega sameiginlegan samráðs- og skemmtifund.

c. Notendaráðstefna Ex Libris

Fram kom að þær Sigrún Hauksdóttir og Hildur Gunnlaugsdóttir sækja notendaráðstefnu Ex Libris sem haldin verður í Brno dagana 2.-5. sept. næstkomandi.

Þórdís T. Þórarinsdóttir ritaði fundargerð 1. september 2007